

Veiðifélag Ytri-Rangár  
Bjólu 1  
851 Hella

Reykjavík, 24.9.2024  
UST202401-222/A.E.H.  
08.12.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 31. júlí 2024 - Veiðifélag Ytri-Rangár, Húsafelli, ID 246.**

Þann 31. júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Veiðifélags Ytri-Rangár, Húsafelli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var ennþá opið við eftirlit, geymsla og meðhöndlun efna var ábótavant. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og verður úrbótum lokið þann 31. september nk.

### **Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:**

Gagnaskil í ársyfirlitinu.

### **Sex frávik komu fram er varða:**

- 1. Gr. 2.1. í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra. Umhverfismarkmið eru ekki til staðar. **Rekstraraðili ætlar að setja sér umhverfismarkmið og senda afrit til Umhverfisstofnunar fyrir 31. september nk.**
- 2. Gr. 3.4 í starfsleyfi.** Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukingu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefnis af lífmassaaukingu á ári. Losun fosfór út frá fóðri fór í 8,9 kg P/tonn og er því yfir mörkum. **Rekstraraðili stefnir að því að minnka yfirfóðrun og nýta fóður sem best.**
- 3. Gr. 3.10 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlun ekki til staðar. **Áætlun verður útbúin og send til Umhverfisstofnunar fyrir 31. september nk.**
- 4. Gr. 4.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Ársyfirliti var skilað innan tiltekins tíma en með ófullnægjandi upplýsingum. **Rekstraraðili ætlar að skila ársyfirliti inn fyrir lok apríl 2025 með öllum upplýsingum fyrir 2024.**
- 5. Gr. 4.1 í starfsleyfi.** Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er: Staðfesting á að

Þjálfun starfsmanna hafi farið fram sbr. gr. 2.3. **Engar skráningar voru til staðar. Rekstraraðili mun láta starfsmenn kvitta fyrir hverja þjálfun og kennslu.**

- 6. Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki, fjölda mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.6. Engar mælingar voru fyrir árið 2023. **Rekstraraðili hefur tekið mælingar fyrir árið 2024 bæði við hámarks og lágmarkslífmassa. Niðurstöður vegna vormælinga liggja fyrir en niðurstöður vegna seinni mælinga eru ennþá í vinnslu hjá Sýni ehf.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila frá 27. ágúst 2024. Úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti. Verði úrbótum ekki lokið fyrir 1. maí 2025 eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.**

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur